



Þeir leynast víða þjóðgarðsverðirnir. Þessi rytjulega öskukona sem vakir yfir ferðlögum á leysingasvæði Brúarjökuls í um 900 m hæð er þó hvergi á launaskrá. Hún hefur líklega áður verið öskufylling í brunni og bráðnað frá henni sumarið 2016. Að baki henni (norðanmegin) sést skýjum vafið Snæfell, yfir Háslón, sem er komið á yfirfall, í október 2016. – *A dirt cone warden, watching over travellers in the ablation zone of the Brúarjökull outlet. View east, across the glacier and Háslón reservoir, towards mt. Snæfell which is partly in clouds.* Ljóssm./Photo. Þorsteinn Jónsson. Texti/Text. Finnur Pálsson.



Horft til suðurs niður eftir Skeiðarárjökli úr jökulskerinu Vetti (~1050 m hæð). Í straumhléi framan skersins myndast lægð í ísinn og þar safnast bræðsluvatn í lón. Jökulurðin frá Vetti hlykkjast niður jökulinn. Austanmegin fremst eru Skaftafellsfjöll en að vestanverðu glittir í Grænafjall. Fyrst varð opið niður á berg í skerinu uppúr 1990, en nú er þar víða dálítill gróður, mest mosar og í námunda við þá melablómsbrúskar. Á Vetti er jarðskjálftamælir Veðurstofu Íslands. – *At the nunatak Vöttur (~1050 m a.s.l.) on Skeiðarárjökull outlet of Vatnajökull, view towards south.* Ljós. og texti/Photo and text Finnur Pálsson.